


TRÉ Í MANGOCHI



SJH september 2011

Hitinn hækkar
dag frá degi
og sölund
laufin falla til
jarðar því nú
kemur sumar.
Til að verjast
vökvatapi
fram að
regntíma fella
tréin laufin og
nú opinberast
gölldróttar
útlínur þeirra.





Árstíðirnar eru þrjár: Vetur í júní, júlí og ágúst, hitinn er þá oft á milli 20-30 gráður á daginn en í fjöllum getur orðið hrollkalt um nætur. Sumarið kemur svo þegar haustar á norðurhveli jarðar og hiti fer oft upp undir 40 gráður um daginn. Þá gengur hratt á vatnsfordðann og ár og lækir þorna upp. Tréin spara kraftana með því að fella lafin til að minnka uppgufun. Í desember og fram í mars og apríl rignir svo. Allt verður grænt á örfáum dögum og þar sem áður sást „landslag” er nú þykkt laufþekja sem felur allt undir. Malaví allt fer í þykka græna kápu. En hér á þessum myndum ríkja andstæðurnar: Nú er sumar að ganga í garð.



Þar sem allt var iðjagrænt áður
opnast sýn inn á sléttuna og
skuggar taka völdin í síðdegissólinni





Sumarbúningurinn:

Grátt ofan í gula sviðna jörð





Risarnir á sléttunni gnæfa yfir fólki sem ber björg í bú, krakki með maísfat á höfði, menn sem bera grasvöndul til að þekja kofann betur áður en byrjar að rigna.




Múrsteinahlaði sýnir að nú gefst færi til að brenna byggingarefni. Þetta er kapphlaup við tímann: móta steina úr leir, hlaða í stafla og brenna, og flytja svo þangað sem húsið á að rísa áður en allt veður ófært aftur.

Undir sólsetur fær
ímyndunaraflíð næga næringu
í heimi kynjamýnda og skugga
af trjám, klettum og
grettistöfum.





Baoabab tréið er einkennistré Mangochi öðrum fremur, einsog víða í sunnanverðri Afríku. Það getur orðið geysistórt, en brotnar líka undan eigin þunga ef svo ber undir því bolurinn er frauðkenndur og mjúkur. Tréð ber ávöxt sem geymir safa, filar eru sólgnir í þennan ávöxt og apar, enda kallast hann stundum „apabrauð”.



Baobab tré getur orðið 25 metra hátt og mörg þúsund ára gamalt, stundum á fólk hífýli í þeim. Það er laufvana níu mánuði ársins. Börkurinn er notaður í föt og tágur, laufin til lækninga og ávextirnir til að búa til drykki. Magnaðasta sagan er sú að sjálfur djöfullinn hafi rifið það upp með rótum og snúið á hvolf, enda sé krónan eins og rötakerfi á öðrum trjám.